

## Leikskólinn Hraunheimar leitar að þroskaþjálfra/leikskólasérkennara

### Ertu skapandi, metnaðarfull(ur) og með brennandi áhuga á að vinna með börnum með sérþarfir?

Leikskólinn Hraunheimar er nýr, fjögurra deilda leikskóli í Þorlákshöfn. Hugmyndafræði leikskólans byggir á læsi í víðu samhengi með leikinn í forgrunni. Læsisþættir sem starfið byggir á eru:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Starfsmenn leikskólans vinna saman í teyllum, þvert á deildir með það að markmiði að efla faglegt læsi starfsmanna, viðhalda og þróa stefnu leikskólans og byggja upp öflugt lærdómssamfélag þar sem allir starfsmenn hafa rödd og fá tækifæri til að læra hverjir af öðrum.

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#).

### Starfið

Starfið felst í að veita börnum marvissan stuðning með það að leiðarljósi að efla sjálfstæði þeirra, félagsfærni og þátttöku í daglegu starfi. Unnið er í nánú samstarfi við foreldra og fjölbreyttan hóp fagfólks.

Um er að ræða 100% stöðu og eru öll kyn hvött til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Þroskaþjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 12. ágúst 2026.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Aðstoða við að aðlaga umhverfi og verkefni svo allir nemendur geti tekið virkan þátt í daglegu starfi.
- ❖ Aðstoða við gerð á sjónrænu skipulagi
- ❖ Að útbúa einstaklingsnámskrár, ásamt sérkennslustjóra og sjá til að þeim sé framfylgt.
- ❖ Að sinna einstaklingsmiðaðri þjálfun eftir þörfum barna
- ❖ Að sinna málörvun og framburðarþjálfun
- ❖ Að vinna í teyllum með foreldrum, samstarfsfólki og öðrum fagaðilum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Þroskaþjálfamenntun/ leikskólasérkennaramenntun
- ❖ Reynsla af vinnu með börnum með sérþarfir skilyrði
- ❖ Góð þekking og reynsla af óhefðbundnum tjáskípum, eins og PECS, mikilvæg.
- ❖ Reynsla og kunnátta í framburðarþjálfun kostur.

- ❖ Þekking á forritum við gerð sjónræns skipulags, líkt og Widget, er kostur.
- ❖ Góð samskiptahæfni, jákvæðni og skipulagshæfni.
- ❖ Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- ❖ Góð íslenskukunnátta skilyrði

### **Við bjóðum**

- ❖ Einstakt tækifæri til að taka þátt í að móta nýjan leikskóla
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.

**Skilyrði að viðkomandi geti framvísað hreinu sakavottorði.**

**Umsóknum er skilað inn rafrænt á [Sveitarfélagið Ölfus](#)**

**Umsóknarfrestur er til 5. maí 2026.**

Nánari upplýsingar veitir:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri: [hrafnhildurh@olfus.is](mailto:hrafnhildurh@olfus.is) eða í síma 415-0570

**Ef þú vilt taka þátt í að byggja upp framsækinn leikskóla með sterka menntastefnu, þá er þetta tækifærið fyrir þig!**